

# GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



AÐALFUNDUR fyrir árið 2015





# Skýrsla stjórnar GV starfsárið 2015



## Stjórn, nefndir og starfsfólk

Á aðalfundi GV 29. janúar 2015 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn starfsárið 2015 og skipti stjórn svo með sér verkum: Helgi Bragason, formaður, Haraldur Óskarsson, varaformaður, Hörður Óskarsson, gjaldkeri, Eyþór Harðarson og Gunnar Geir Gústafsson, meðstj. Til vara voru kjörnir Sigurjón Pálsson og Harpa Gísladóttir.

Hörður Óskarsson féll frá í maímánuði en hann hefur verið gjaldkeri klúbbsins frá því um síðustu aldamót og verið einn ötulasti félagsmaður okkar í GV um langt skeið. Skarð hans er vandfyllt en fyrirhugað er minningarmót um Hörð á árinu 2016.

Haldnir voru 13 bókaðir stjórnarfundir og auk þess var fjöldi funda í nefndum og ýmsir vinnufundir vegna sérstakra verkefna.

Kjörnir endurskoðendur, Gunnar Gunnarsson og Guðni Sigurðsson og til vara Gísli Jónasson.

Fastanefndir voru eftirfarandi og formenn:

Kappleikjanefnd: Hörður Óskarsson/Helgi Bragason form.

Vallar- og húsnefnd: Haraldur Óskarsson form

Aganefnd: Kristján Ólafsson form.

Unglinga og afreksnefnd: Gunnar Geir Gústafsson form.

Markaðs og kynningarnefnd: Helgi Bragason form.

Kvennanefnd: Harpa Gísladóttir form.

Öldunganefnd: Haraldur Óskarsson form.

Eftirtaldir gegndu stjórnunarstörfum fyrir GV á starfsárinu:

Framkvæmdastjóri: Elsa Valgeirsdóttir.

Vallarstjóri: Guðgeir Jónsson

Yfirþjálfari/umsjónarmaður unglinga: Einar Gunnarsson PGA kennari

Í sumari voru um 20 starfsmenn í vinnu hjá GV í rúmlega 7 stöðugildum. Auk þess voru fjöldi félagsmanna sem unnu í ýmsum sjálboðaliðastörfum fyrir klúbbinn.

Gunnar Gunnarsson fyrrum formaður GV hefur setið í stjórn GSÍ um nokkurt skeið og var endurkjörinn á síðasta golfþingi í nóvember 2015.

Stjórn GV þakkar öllum þeim sem störfuðu fyrir klúbbinn fyrir vel unnin störf.

## Mótahald



Árið 2015 voru skráð mót og verkefni klúbbsins á [www.golf.is](http://www.golf.is) 24, bæði lokuð mót og opin þar af 3 GSÍ mót. Þar sem illa viðraði hjá okkur fram eftir sumri féllu 7 af þessum mótum niður.

Keppendur í 12 opnum mótum voru 920 eða að meðaltali 76 í hverju móti.

Að venju var Icelandair Volcano Open golfmótið fjölmennasta mótið en þetta er í tíunda skiptið sem það er haldið í samstarfi við Icelandair, 168 keppendur tóku þátt í því í ár, mótið tókst í alla staði mjög vel, veður var gott og frábærir keppendur, sem flestir koma ár eftir ár, skemmtu sér konunglega þessa helgi hér í Eyjum. Á lokahófi lýsti forstjóri Icelandair yfir framlengingu á samningi þeirra við GV um mótið og var það gert m.a. í minningu Harðar Óskarssonar.

Íslandsmót eldri kylfinga var haldið í Eyjum í júlí. 131 keppendur tóku þátt í mótinu sem stóð yfir í þrjá daga. Mótið tókst í alla staði mjög vel og á lokahófinu voru Íslandsmeistarar krýndir: Íslandsmeistari kvenna 50 ára og eldri er Þórdís Geirsdóttir GK en hún lauk leik á 217 höggum. Íslandsmeistari karla 55 ára og eldri er Gauti Grétarsson NK en hann lauk leik á 221 höggi. Íslandsmeistari kvenna 65 ára og eldri er Sigrún Margrét Ragnarsdóttir GK og í flokki karla 70 ára og eldri er Viktor Ingi Sturlaugsson GM Íslandsmeistari.

Í lok maí var haldið mót á Eimskipsmótaröðinni þar sem 63 keppendur mættu til leiks.

Helgina eftir þjóðhátíð var haldin hér sveitakeppni GSÍ í 2.deild karla þar sem sveitir frá 8 klúbbum mættu til leiks. Sveit GV endaði í þriðja sæti, en var ekki langt frá því að ná að spila til úrslita. Sveit NK varð í fyrsta sæti og sveit Leynis í öðru sæti.

Um miðjan ágúst héldum við Íslandsmót 35 ára og eldri, slæm veðurspá fyrir þá helgi setti mark sitt á fjölda þátttakenda en af tæpum 100 skráðum keppendum mættu aðeins um 40 af þeim og fyrir vikið var mótið sjálft vart svipur hjá sjón. Íslandsmeistari í karlaflokki 35 ára og eldri er Gunnar Geir Gústafsson GV hann spilaði hringina þrjá á 214 höggum. Íslandsmeistari kvenna 35 ára og eldri er Hansína Þorkelsdóttir en hún lauk leik á 242 höggum.

Í júní mánuði var haldið hér kvennamót, Guinot Open mótið, sem var í alla staði vel lukkað. Fullt var í mótið og margar konur komnar á biðlista fljótlega eftir að opnað var fyrir

skráningu á golf.is. Magnúsína Ágústsdóttir ásamt dóttur sinni Ágústu Kristjánsdóttur hafa haft veg og vanda af þessu móti og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir þeirra framlag til eflingar á kvennastarfi GV.

Helstu önnur mót voru:

Heimsferðir La Sella, keppendur 82

Sjómannamót Ísfélags Vestmannaeyja, keppendur 72

Meistaramót GV, keppendur 65 auk 40 keppenda í barna-og unglinga.

Kiwanis Oddrellov- Akóges, keppendur 58

Böddabítamót, keppendur 56

Jónsmessumót, keppendur 36

Jónsmessumót GV, 30 keppendur

Ánægjulegt er að sjá ný mót hafa fest sig í sessi eins og Heimsferðamótið, Guinot Open kvennamótið, Sjómannamót Ísfélagsins og Böddabítamótið.

Að auki eru árlega haldin fjölmenn boðsmót eða lokuð mót á vegum fyrirtækja og eða hópa, sem og einnig mót fyrir ungmenni GV, konur og nýliða sem koma ekki fram á golf.is.

Á síðasta golfþingi í nóvember 2016 voru gerðar talsverðar breytingar á mótum GSÍ m.a. voru sveitakeppnir færðar framur á sumarið og talsverðar breytingar gerðar á stigamótum GSÍ. Tillaga um að færa Íslandsmót í golfi að mestu á höfuðborgarsvæðið var dregin til baka eftir mikla andstöðu klúbba á landsbyggðinni. Ef þessi vanhugsaða tillaga hefði náð fram að ganga hefði líklega komið upp alvarlegur klofningur í golfhreyfingunni. Sumarið 2016 verða tvö mót á vegum GSÍ í Eyjum þ.e. Íslandsmót 35 ára og eldri í ágúst og stigamót GSÍ í byrjun september. Önnur mót verða með svipuðum hætti en fyrstu drög að mótaskrá verða kynnt fljótlega.

## Völlurinn og Golfskálinn



Eftir gott sumar og haust 2014 þar sem völlurinn var í frábæru ástandi tók við vetur sem einkenndist af lægðagangi og ríkjandi vestlægum vindáttum og köldu veðri. Framan af vetri virtust flatir og teigar við sjávarsíðuna ætla að standa áganginn af sér en eftir því sem á leið fór grasið að gefa eftir og í mars-apríl var orðið ljóst að megnið af grasinu á flötum 14, 17 og nýuppbyggðu 15. flötinni væri dautt. Það voru að sjálfsögðu mikil vonbrigði, sérstaklega með 15. flötina þar sem mikil vinna hafði verið lögð í að byggja hana upp samkvæmt ráðleggingum sérfræðinga og vel hafði tekist að græða hana upp um sumarið. Fleiri flatir fóru einnig illa út úr vetrinum þar sem töluverð grasþekja tapaðist, t.d. á flötum 1, 4, 16 og 18 þar sem sveppasýkingar (fusarium/anthracnose) drápu hluta af grasinu. Strax um vorið var hafist handa við að koma nýju grasi af stað með sáningu sem hefði getað gengið betur en þar hafði kuldi og verkföll sem töfðu innflutning á grasfræi töluverð áhrif.

Veturinn og vorið var einnig notað í framkvæmdir. 17. teigur var endurbýggður, stóru grjóti hlaðið í kringum hann í stað timburs til þess að fella hann betur inn í umhverfið og teigurinn tvöfaldaður í stærð. Einnig var unnið í glompu á 12. holu. Stór glompa sem var framan við flötina var minnkuð og dýpkuð í þeim tilgangi að minnka sandfok yfir flötina auk þess að gera þessa sakleysislegu holu aðeins meira spennandi.

Fyrsti sláttur á flötunum var 29. apríl sem er óvenju seint en segir til um tíðarfarið. Opnað var inn á sumarflatir á holum 1-12 þann 30. apríl, en til samanburðar var opnað 4. apríl árið áður. Allt var því mun seinna á ferðinni en venjulega þetta vorið og fór uppgræðslan á vellinum hægt af stað vegna kuldatíðar sem hélt í raun áfram fram á mitt sumar. Það var því leikið á vetrarflötum fram eftir vori og sumri og til dæmis var leikið á vetrarflöt á 15. holu í Eimskipsmótaröðinni í lok maí. Seinni part júní var þó völlurinn farinn að taka ágætlega við sér og 15. flötin farin að taka vel við sér. Flötin var síðan notuð í tveim mótum í júlí en lét verulega á sjá við það og því tekin sú ákvörðun að hlífa henni og reyna að koma í stöðugra ástand áður en hún yrði notuð frekar. Restin af sumrinu var því notuð í að þetta grassvörðinn og hafa hana í sem bestu ástandi fyrir veturinn í þeirri von að í vor verði hægt að nota flötina sem fyrst. 18. flötin var einnig til vandræða í sumar. Þar drapst gras á stórum svæðum vegna sveppasýkingar og þar sem flötin veitir lítið svigrúm fyrir holustæði voru lélegt svæði á flötinni mikið í leik og trufluðu mikið. Þar var síðan gerð tilraun með aðrar grastegundir en notast hefur verið við en þær tilraunir skiluðu litlum árangri og að lokum var flötin tekin úr leik fyrir Þjóðhátið og reynt að vinna í henni þannig að hún yrði leikhæf restina af sumrinu. Seinni hluti ársins hefur völlurinn síðan verið góður enda ágætis tíðarfar. Völlurinn fór finn inn í veturinn og unnið var í flötum fram eftir hausti, meðal annars með söndun og götun til þess að þær færu í sem bestu ástandi inn í veturinn. Áfram hefur verið framkvæmt á vellinum í haust. Rauður teigur á 1. holu var rifinn upp og sléttaður og framkvæmdir eru í gangi á 2. teig sem verður stækkaður og lengist af aftari teigum. Nýr meistaraflokksteigur er einnig í uppbyggingu á 7. sem kemur til með að lengja hana um eina 20 metra af öftustu teigum. Einnig hefur verið unnið við glompur í haust, 2 glompur við 13. flöt hafa verið hlaðnar ásamt glompu vinstra megin við 7. flöt sem eykur við strandvallaáhrifin á vellinum.

Guðgeir Jónsson hefur starfað á vellinum í heilsársstarfi og auk þess sinnt vinnu og ráðgjöf vegna knattspyrnuvalla bæjarins og hefur ÍBV greitt hluta af launum hans til GV í samræmi við vinnuframlag og hefur það samstarf gengið vel og fyrirhugað að því verði framlengt.

Af næstu framkvæmdum við mannvirki GV þá stendur til að halda áfram með innanhúsframkvæmdir við æfingaskýlið á árinu en m.a. þarf að skilja að bása, klára rafmagn ofl og klára að múra skýlið að utan og stígagerð. Fyrirhugað er að malbika plan við safnþrær við 14. flöt á vordögum. Komið er að nokkru viðhaldi og endurbótum á golfskálanum, ss nýtt gólfefni á salninn, fjölga þarf salernum, útidyrhurðir á báðum hæðum eru orðnar lélegar, laga þarf aðstöðuna á neðri hæðinni þannig að gamla tækjageymslan á neðri hæðinni verði fyrir golfbíla GV sem hafa undanfarin ár staðið úti við yfir sumarið.



## Unglinga og afreksstarf



Barna- og unglingsstarf GV gekk vel og var með hefðbundnum hætti árið 2015. Fjöldi þátttakenda stunduðu æfingar, mest yfir sumartímamann en vetrarstarfið verður stærra með hverju árinu. Strax í byrjun árs æfðu unglingsstarf GV reglulega og stefnan var sett á æfingaferð erlendis. Í aprílmánuði fór afrekshópur unglingsstarfs til La Sella á Spáni og æfði og spilaði við toppaðstæður í 8 daga undir handleiðslu þjálfara síns Einars Gunnarssonar. Unglingarnir ásamt foreldrum sínum lögðu hart að sér í söfnun fyrir ferðina og tókst þeim með dyggum stuðningi

fyrirtækja og bæjarbúa í Vestmannaeyjum að eiga fyrir allri ferðinni þegar lagt var í hann. Eftir ferðina tóku við æfingar hér heima og kom skýlið sér vel í frekar köldum maímánuði. Æfingar afrekshóps miðuðu að því að undirbúa þátttakendur fyrir unglingsmótaröð GSI sem hófst í lok maí. Unglingarnir settu sér allir forgjafarmarkmið og segja má að hópurinn hafi lækkað verulega í forgjöf en lægstu peyjarnir erum með á milli 4 og 5 í forgjöf í dag. Peyjarnir voru duglegir að leika til forgjafar og flestir voru duglegir að sækja GSI mótin. Daníel Ingi, Lárus Garðar og Kristófer Tjörvi tóku þátt í öllum mótum GSI og náðu finum árangri. Kristófer Tjörvi komst tvisvar sinnum á verðlaunapall í sumar og endaði svo sumarið með því að komast alla leið í úrslit í Unglingaeinvíginu í Mosó. Í lok árs var Kristófer valinn í afrekshóp GSI og mun hann stunda æfingar undir handleiðslu landsliðsþjálfaranna á nýju ári.

Sveitakeppni unglingsstarfs fór fram á Akureyri í ágúst. GV sendi sveit í flokki pílta 18 ára og yngri. Peyjarnir stóðu sig með þryði og komust í efstu deild og kepptu á meðal bestu unglingsstarfs landsins. Flottur árangur það sér í lagi þar sem meðalaldur sveitarinnar var undir 16 ár. Sveit GV var skipuð þeim Daníel Inga Sigurjónssyni, Lárusi Garðari Long, Nökkva Snæ Óðinssyni, Jörgen Frey Ólafssyni og Kristófer Tjörva Einarssyni



Eins og undanfarin ár komu hópar frá Grunnskólanum í Vestmannaeyjum í heimsókn á vordögum. Einar tók við hópunum og kynnti golfíþróttina fyrir börnunum. Ljóst er að slík samvinna við GRV er okkur mikilvæg og á nýju ári mun Einar vinna enn meira með íþróttakennurum GRV með því að heimsækja íþróttatíma og kenna golf með SNAG búnaði. Í haust hófst samvinna GV og GRV sem miðaði að því að bjóða unglingsstarf upp á að velja golf sem valgrein í skólanum. 6 unglingsstarf eru nú skráðir með golf sem valgrein sem Einar sér um.



Við skólalok í júní hófust daglegar æfingar fyrir börn og unglina GV. Sett voru upp hefðbundin námskeið fyrir yngstu þátttakendurna og æfingar fyrir börn og unglina. Þátttaka var með ágætum en ljóst er að slæmt veður í júní og fyrri hluta júlí setti strik í reikninginn hjá þeim allra yngstu á námseidum í sumar.

Einar Gunnarsson sá um æfingarnar en honum til aðstoðar voru Karl Haraldsson, Nökkvi Snær Óðinsson og Sigríður Lára Garðarsdóttir.

Eitt af markmiðum sumarsins í barna og unglingastarfinu var að efla krakkana í því að spila golfvöllinn. Einu sinni í viku á meðan á sumaræfingum stóð voru krakkarnir sendir út á völl að spila eins og um mót væri að ræða. Litið var á þessi æfingamót sem undirbúning fyrir meistaramót barna sem haldið var í meistaramótsvikunni í byrjun júlí. Meistaramótið gekk vel og var þátttaka góð en tæplega 40 börn og unglingar tóku þátt. Eins og undanfarin ár léku krakkarnir á mánudegi og þriðjudegi í meistaramótsvikunni og virðist það fyrirkomulag henta vel.

Í ágústmánuði fór fram mótarið barna og unglina sem styrkt var af Íslandsbanka. Vel tókst til en alls léku krakkarnir fjögur mót og voru mótin gerð upp á fjölskyldudegi sem haldinn var í blíðskaparveðri þar sem fjöldi barna mættu ásamt foreldrum og systkinum og gerðu sér glaðan dag í golfþrautum og grillveislum. Öllum foreldrum var boðið upp á golfkennslu á fjölskyldudeginum og fjölmargir foreldrar prufuðu golf í fyrsta sinn.



### Nýliðastarf GV 2015

Nýliðanámskeið sumarsins gengu vel þegar þau loks fóru af stað en vegna veðurfars þá seinkaði tímaáætluninni um nokkrar vikur. Kraftur komst á nýliðanámskeiðin um miðjan júní og voru námskeið haldin allt fram til loka ágústmánaðar. Nokkrir kylfingar sem sóttu námskeiðin hófu strax golfiðkun en aðrir munu koma næsta vor og vonandi festa sig í sessi í íþróttinni.

Alla þriðjudaga hitti Einar kylfinga sem hafa verið að koma inn í klúbbinn á undanförmum árum og fylgdi þeim út á völl með þeim tilgangi að koma nýliðunum betur inn í golfspil.

Í nóvember og desember var sett upp 5 skipta námskeið fyrir byrjendur og nýliða. Fjórir hópar voru settir upp og æfðu þeir um helgar í skýlinu og inni í skálanum í SNAG. Einar Gunnarsson golfkennari flutti í byrjun sumars 2015 með fjölskyldu sinni til Vestmannaeyja og getur nú sinnt kennslu og þjálfun betur en áður og er það von okkar að það muni skila öflugra félagsstarfi og öflugri kylfingum til framtíðar.





## Félagsstarf, notkun golfvallar



Félagatal GV eru lítið breytt milli ára rúmlega 400 eru skráðir í félagatali og þar af eru um 80 yngri en 16 ára. Ekki eru allir þeir krakkar sem stunda æfingar í Golfskóla GV og Landsbankans skráðir inn sem félagar. Samkvæmt félagatalinu eru félagar í GV um 10% af heildarfölda bæjarbúa sem teljast verður nokkuð gott hlutfall. GV er áfram 10 stærsti klúbbur landsins talið í fjölda félaga.

GV hefur í gegnum árin lagt mikla áherslu á öflugt barna og unglíngastarf og með ráðningu kennara í heilsársstöðu á það starf að eflast ennþá frekar, sem og allt nýliðastarf. Með byggingu á æfingaskýli og ráðningu á kennara hefur allt kennslu- og æfingastarf hjá klúbbum tekið miklum framförum. Nú er boðið upp á æfingar allt árið fyrir alla félagsmenn klúbbsins. Afrekshópur GV æfir fimm sinnum í viku og aðrir yngri kylfingar æfa tvisvar í viku hverri. Afrekshópur unglínga telur tíu ungmenni í dag og sjáum við góð skref í rétta átt í fjölgun kylfinga í þeim hópi.

Í síðustu ársskýrslu stjórnar kom fram að fjöldi kvenna í klúbbum hefur tvöfaldast á undanfönum fimm árum og má þakka það bættri æfingaaðstöðu og þeim vikulegu æfingum sem Ragnar Guðmundsson byrjaði með árið 2014 yfir vetrarmánuðina fyrir konur og nýliða GV. Í dag eru um 60 fullorðnir félagar í GV sem mæta vikulega fram á vorið og æfa undir leiðsögn kennara, meirihluti þeirra sem stunda æfingar núna eru konur.

Erfiðlega hefur gengið að fá stúlkur til að æfa golf. Vandamálið virðist vera það sama í flestum golfklúbbum landsins og hefur golfhreyfingin reynt margar leiðir til þess að fjölga stúlkum í golfíþróttinni. Undanfarin ár höfum við reynt ýmsar leiðir til að fjölga stúlkum en höfum ekki fengið þann kjarna sem við stefnum að. Í dag eru um 10 stúlkur sem stunda æfingar reglulega hjá okkur en betur má ef duga skal. Á næstunni þarf að leita fleiri leiða til að fá stúlkur til að stunda golfíþróttina.

Aðgengi okkar að vellinum er mjög gott og höfum við talsvert svigrúm til að bæta við okkur félagsmönnum og aukinni notkun á vellinum. Félagafjöldi hefur verið svipaður undanfarin ár en með tilkomu hafnar í Landeyjum hafa aðrir tekjumöguleikar klúbbsins batnað, við fáum mun fleiri gesti en áður var, gesti sem greiða vallargjöld eða mótagjöld og versla í

veitingasölu GV. Þetta er þróun sem skiptir klúbbinn miklu máli fjárhagslega en þar sem veðurfar hér í Eyjum var með þeim hætti fram undir miðjan júlí á síðasta ári eru gestir færri en árið á undan og kom það niður á tekjum.

Á golf.is eru skráðir 8.562 hringir á vellinum frá maí til og með september og skiptast þeir þannig.

Félagsmenn GV 4.023 hringir

Gestir 3.619 hringir

Keppendur í mótum 920

Þátttakendur í sveitakeppnum, boðsmótum, texas cramble-mótum eru ekki að fullu skráðir inn á golf.is, spilaðir hringir á vellinum eru því töluvert fleiri. Einnig vantar enn nokkuð upp á skráningu hjá félagsmönnum GV.

GV er í vinaklúbbasamstarfi við eftirtalda klúbba: Mosfellsbæ, Selfoss, Hveragerði, Borgarnes, Mostra Stykkishólmi, Sandgerði, Grindavík, Keflavík, Flúðir, Hellishóla og Hellu. Í flestum tilfellum er um að ræða 50% gagnkvæman afslátt af vallargjöldum.

Klúbburinn fjárfesti í nýju sjónvarpi og er nú með áskriftir að íþróttaviðburðum og golfmótum í beinni útsendingu í golfskála sem hefur jákvæð áhrif á starfið. Þá hefur skálinn verið nýttur betur í starfi yfir veturinn og notaður undir æfingar með SNAG búnaðinum.

Nokkrir félagsmenn fóru í golfferð til Spánar í haust og tókst sú ferð vel og er tilefni til þess að stefna að slíkum ferðum áfram.

## Fjármál og rekstur



Rekstur klúbbsins gekk ágætlega á árinu en tekjur klúbbsins lækkuðu þó úr tæpum 69 milljónum í rúmlega 63 milljónir eða um 7%. Munar þar aðallega um verkefni sem GV fékk greitt fyrir við lagningu stíga við sjávarsíðuna sem voru inni tekjum ársins 2014 en komu ekki inn árið 2015. Tekjur af árgjöldum eru svipaðar og árið á undan en aðrir klúbbar landsins hafa verið í varnarbaráttu og fundið fyrir fækkun félaga og lækkun árgjalda. Tekjur af mótum eru svipaðar á milli ára en tekjur af vallargjöldum lækka á milli ára og munar þar mestu um slæmt tíðarfar og kulda í upphafi sumars og einnig hafði tíðarfarið áhrif á ástand vallar sem skilar sér í færri notendum, einkum var það svo fyrri part sumars. Rekstrargjöld lækkuðu úr 67 milljónum í 65 milljónir eða um 3% og munar þar um útgjöld vegna stígagerðar og auk þess hefur klúbburinn reynt að beita aðhaldi í öllum rekstri.

Golfklúbbur Vestmannaeyja fékk á árinu framlag frá Vestmannaeyjabæ til nýframkvæmda og hefur það nýst vel til að bæta völl og mannvirki klúbbsins. Rekstur klúbbsins fyrir utan viðbótarframlag Vestmannaeyjabæjar er í járnnum og tap af rekstri að teknu tilliti til fjármagnsgjalda rúmlega 1,6 milljónir en að teknu tilliti til viðbótarframlags er hagnaður um 11,5 milljónir.

Lausafjárstaða er góð en stjórn hefur lagt áherslu á að eiga laust fé til rekstrar og framkvæmda og greiða niður lán. Um áramót er laust fé um 7 milljónir og skuld klúbbsins sem er í dag eitt langtímalán í Íslandsbanka sem stendur í rúmlega 20,5 milljónum en lánið er á 8,55% vöxtum. Stjórn hefur verið að greiða lánið niður og stefnir á að gera það áfram og væri það verðugt markmið að klúbburinn verði skuldlaus á 80 ára afmælisári GV árið 2018.

Árgjöld eru áfram lægri en hjá þeim klúbbum sem við berum okkur saman við.

Hér má sjá full árgjöld hjá nokkrum klúbbum sem gera út 18 holu golfvelli og eru með heildarstarfsemi í byggðum sveitarfélögum:

GO	103.000
GR	95.000
GK	91.000
GKG	94.700
GKJ	89.990
GA	82.000
GL	76.500
GS	75.000

Meðaltal 90.000

Gerð er eftirfarandi tillaga að hækkun árgjalda fyrir sumarið 2016

Skipting félagsmanna	Gjaldskrá 2015	Tillaga um breytingu 2016
Fullt gjald	66.500	68.000
Hjón *2	119.700 (59.850)	122.400 (61.200)
70 ára +	33.250	34.000
NL.gj. 1 ár	40.000	42.000
NL.gj. 2 ár	42.000	45.000
Nemagj. (fullorðnir)	37.000	37.000
Aukaaðild	40.000	40.000
14-17 ára	25.000	25.000
13 ára og yngri	25.000	25.000

Samkvæmt samþykkt aðalfundar 2009 eru hjónum veittur 10% afsláttur af fullu gjaldi og 70 ára og eldri fá 50% afslátt frá fullu gjaldi.

Heildartekjur vegna árgjalda árið 2015 voru um 17,7 milljónir króna og nái þessar tillögur fram að ganga verða heildartekjur af árgjöldum um 18 milljónir árið 2016 eða um 26 % af áætluðum tekjum klúbbsins.

Hækkun er um 2% en engin hækkun er á yngri meðlimi og nema í fullu námi yfir 18 ára aldri. Er það í samræmi við þróun hjá öðrum golfklúbbum þar sem menn hafa haft áhyggjur af fækkun yngri meðlima og reynt að sporna við því með hagstæðari árgjöldum. Rétt er að benda á að inni í gjöldum yngstu félaga GV er æfingagjald en GV hefur lagt mikla áherslu á að bæta þá þjónustu og eru nú reglubundnar æfingar undir handleiðslu menntaðs golfkennara inni þessu gjaldi stærstan hluta ársins.

## Að lokum



Eins og að framan segir þá stendur Golfklúbbur Vestmannaeyja ágætlega í dag en mörg krefjandi verkefni eru framundan. Á árinu 2015 stóð til að taka ákvörðun um hvort og þá hvaða frekari framkvæmdir fara skal í við flatir við sjávarsíðuna en vegna ástands 15. flatar vildu menn ekki taka frekari skref í bili varðandi uppbyggingu flata en á næstu misserum þarf að taka ákvarðanir í þeim efnum. Eins og að framan segir þarf að klára æfingaskýlið að innan og aðkomu að því að utan.

Fjármál og rekstur er eitthvað sem er grunnurinn að annarri starfsemi hjá klúbbum og lítið hægt að gera ef þau mál eru ekki í lagi. Framkvæmdastjóri og stjórn hafa reynt að halda vel utan um rekstur klúbbsins og reynt að lækka dýr lán og fer fjármagnskostnaður lækkandi. Árið 2008 voru skuldir GV um 87 milljónir en eru í dag um 21 milljón og ekki fráleitt að á næstu tveimur árum eigi klúbburinn að geta orðið næsta skuldlaus. Ljóst er að við þetta hefur vaxtakostnaður lækkað verulega sem gefur þá svigrúm til að bæta í annað starf klúbbsins. Hefur þetta gefið svigrúm til að ráða menntað starfsfólk í starf stærri hluta ársins sem styrkir klúbbinn. Stjórn þarf þó alltaf að gæta fyllstu ráðdeildar og fara varlega í fjármálum.

Innra félagsstarfið hefur eflst með bættri æfingaastöðu og ráðningu golfkennara í fullt starf allt árið. Einar flutti eins og að framan segir til Eyja um mitt ár 2015 og vonumst við til þess að það skili sér enn frekar í eflingu félagsstarfsins og það gefi af sér fleiri nýliða og eflingu unglingsstarfið og afreksstarfið. Kvennastarfið hefur eflst með betra aðgengi að kennara og halda þarf áfram að hlúa að því.

Eins og undanfarin ár verður skrifstofa opin virka daga frá 14.00 – 16.00.

Ég vil að lokum þakka, stjórn, félagsmönnum, starfsmönnum og öðrum þeim sem komu að starfi klúbbsins, fyrir þeirra starf fyrir hönd klúbbsins.

Vestmannaeyjum 28. janúar 2016  
f.h. stjórnar.  
Helgi Bragason, formaður

Myndir í ársskýrslu: Úr safni GV- Óskar Pétur Friðriksson - Einar Gunnarsson - Guðgeir Jónsson  
Myndir á kápu: Tói Vídó



# GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



## REKSTRAR OG EFNAHAGSREIKNINGUR

Árið 2015

Ársreikningur Golfklúbbs Vestmannaeyja 1.1.2015 - 31.12.2015

## ÁRITUN STJÓRNAR

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Golfklúbbs Vestmannaeyja koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu klúbbsins í lok reikningsárs 31. desember 2015, reksrarreikningi 1. janúar 2015 – 31. desember 2015 og fjárhagslegri þróun tímabilsins.

Hagnaður að fjárhæð kr. 11.401.854.- var af rekstri Golfklúbbsins á árinu 2015 og er sú fjárhæð færð til hækkunar á óraðstöfuðu eigið fé frá fyrra ári.


Í lok rekstrarársins er eigið fé kr. 169,931,675.-


Innréttingar, vélar og áhöld eru afskrifuð um 15% ári og fasteign um 3%

Stjórn, varastjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbs Vestmannaeyja staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir rekstrarárið 1. janúar 2015 til 31. desember 2015 með undirritun sinni.


Vestmannaeyjum 25. janúar 2016

### Í stjórn

  
Helgi Bragason

  
Eypór Harðarson

Sigurjón Pálsson



  
Haraldur Óskarsson

  
Gunnar Geir Gústafsson

  
Harpa Gísladóttir

### Framkvæmdastjóri

  
Elsa Valgeirsdóttir

# REKSTRARREIKNINGUR

FRÁ 1.1.2015 - 31.12.2015

<u>Rekstrartekjur</u>		<u>2015</u>	<u>2014</u>
Söluverðmæti.....	kr.	9.589.418	10.126.687
Móta- og vallargjöld.....	kr.	15.324.615	17.134.953
Árgjöld.....	kr.	17.721.000	17.520.500
Framlög og styrkir.....	kr.	20.607.015	24.083.610
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>kr.</b>	<b>63.242.048</b>	<b>68.865.750</b>
<u>Rekstrarkostnaður</u>			
Vörunotkun.....	kr.	7.458.649	9.555.846
Laun og launatengd gjöld.....	kr.	27.922.779	24.027.620
Almennur rekstrarkostnaður.....	kr.	24.453.024	28.409.838
Fyrningar.....	kr.	5.028.360	4.985.680
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>kr.</b>	<b>64.862.812</b>	<b>66.978.984</b>
<b>Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>-1.620.764</b>	<b>1.886.766</b>
<u>Fjármunatekjur og gjöld</u>			
Vaxtatekjur .....	kr.	178.548	90.818
Vaxtagjöld og verðbætur.....	kr.	-2.155.930	-2.767.581
<b>Fjármunatekjur og gjöld alls</b>	<b>kr.</b>	<b>-1.977.382</b>	<b>-2.676.763</b>
<u>Aðrar tekjur</u>			
Framlag til æfingaskýlis	kr.	15.000.000	15.000.000
<b>Aðrar tekjur alls</b>	<b>kr.</b>	<b>15.000.000</b>	<b>15.000.000</b>
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>kr.</b>	<b>11.401.854</b>	<b>14.210.003</b>

Ársreikningur Golfklúbbs Vestmannaeyja 1.1.2015 - 31.12.2015



# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. desember 2015

## EIGNIR

31.12.2015

31.12.2014

### Veltufjármunir:

Sjóðir og bankainnistæður.....	kr.	7.504.299	2.722.676
Viðskiptamenn.....	kr.	945.385	986.548
Virðisaukaskattur.....	kr.	8.630	117.865
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja	kr.	800.000	800.000
Vörubirgðir.....	kr.	350.000	350.000
<b>Veltufjármunir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>9.608.314</b>	<b>4.977.089</b>

### Fastafjármunir:

Innréttingar.....	kr.	1.403.528	1.651.208
Golfvöllur.....	kr.	90.000.000	90.000.000
Vélar og áhöld .....	kr.	13.612.447	12.811.596
Fasteign.....	kr.	76.904.157	78.680.568
<b>Fastafjármunir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>181.920.132</b>	<b>183.143.372</b>

<b>EIGNIR SAMTALS .....</b>	<b>kr.</b>	<b>191.528.446</b>	<b>188.120.461</b>
-----------------------------	------------	--------------------	--------------------

Ársreikningur Golfklúbbs Vestmannaeyja 1.1.2015 - 31.12.2015

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

### Skammtímaskuldir:

		2015	2014
Ógreiddir áfallnir vextir.....	kr.	1.523.273	1.934.098
Ógreiddar viðskiptaskuldir.....	kr.	570.394	917.919
Næsta árs afborganir langtímalána.....	kr.	1.309.676	1.309.676
Ógreitt vegna starfsfólks.....	kr.	594.875	319.752
<b>Skammtímaskuldir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>3.998.218</b>	<b>4.481.445</b>

### Langtímaskuldir:

Íslandsbanki Nr. 188599 í ÍSK.....	kr.	18.908.229	26.418.871
	kr.	18.908.229	26.418.871
Næsta árs afborganir langtímalána.....	kr.	1.309.676	1.309.676
<b>Langtímaskuldir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>17.598.553</b>	<b>25.109.195</b>

**Skuldir alls** kr. **21.596.771** **29.590.640**

### Eigið fé

Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári.....	kr.	158.529.821	144.319.818
Hagnaður ( - tap ) ársins.....	kr.	11.401.854	14.210.003
<b>Annað eigið fé alls</b>	<b>kr.</b>	<b>169.931.675</b>	<b>158.529.821</b>

**Eigið fé alls** kr. **169.931.675** **158.529.821**

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS.....** kr. **191.528.446** **188.120.461**

# ÁRITUN



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Vestmannaeyja, höfum skoðað ársreikning þennan fyrir rekstrartímabilið 1. janúar 2015 til 31. desember 2015 og ekkert fundið athugavert.

Við höfum sannreynt bankainnistæður og yfirfarið skuldastöðu klúbbsins og stemma þessir liðir ársreikningsins.

Með tilliti til góðrar skoðunarvenju teljum við ársreikning þennan gefa glögga mynd af rekstri Golfklúbbs Vestmannaeyja fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 31. desember 2015 og efnahag klúbbsins 31. desember 2015.

**Vestmannaeyjum 20. janúar 2016**

  
**Gunnar Gunnarsson**

  
**Guðni Sigurðsson**

# GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



## REKSTRAR OG EFNAHAGSREIKNINGUR

2011 - 2015

# EFNAHAGSREIKNINGUR 2011 - 2015

<b>Rekstartekjur</b>		<b>2015</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>	<b>Nóv-Des 2011</b>
Söluverðmæti.....	kr.	9.589.418	10.126.687	9.242.328	9.593.931	247.163
Leiga á golfvelli.....	kr.	15.324.615	17.134.953	13.854.390	17.134.953	24.000
Árgjöld.....	kr.	17.721.000	17.520.500	15.936.000	17.520.500	
Framlög og styrkir.....	kr.	20.607.015	24.083.610	25.811.769	15.720.846	248.392
<b>Rekstartekjur alls</b>	<b>kr.</b>	<b>63.242.048</b>	<b>68.865.750</b>	<b>64.844.487</b>	<b>59.970.230</b>	<b>519.555</b>

## **Rekstrarkostnaður**

Vörunotkun.....	kr.	7.458.649	9.555.846	7.852.664	8.551.754	0
Laun og launatengd gjöld.....	kr.	27.922.779	24.027.620	21.643.042	17.953.727	890.317
Almennur rekstrarkostnaður.....	kr.	24.453.024	28.409.838	26.207.878	21.944.319	985.704
Fyrningar.....	kr.	5.028.360	4.985.680	4.334.693	3.703.536	0
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>kr.</b>	<b>64.862.812</b>	<b>66.978.984</b>	<b>60.038.277</b>	<b>52.153.336</b>	<b>1.876.021</b>

**Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði**                    **-1.620.764**                    **1.886.766**                    **4.806.210**                    **7.816.894**                    **-1.356.466**

## **Fjármunatekjur og gjöld**

Vaxtatekjur .....	kr.	178.548	90.818	82.617	141.060	56.410
Vaxtagjöld og verðbætur.....	kr.	-2.155.930	-2.767.581	-2.698.177	-3.029.004	-849.032
<b>Fjármunatekjur og gjöld alls</b>	<b>kr.</b>	<b>-1.977.382</b>	<b>-2.676.763</b>	<b>-2.615.560</b>	<b>-2.887.944</b>	<b>-792.622</b>

## **Aðrar tekjur**

Önnur framlög	kr.	15.000.000	15.000.000	10.000.000	5.000.000	10.000.000
	<b>kr.</b>	<b>15.000.000</b>	<b>15.000.000</b>	<b>10.000.000</b>	<b>5.000.000</b>	<b>10.000.000</b>
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>kr.</b>	<b>11.401.854</b>	<b>14.210.003</b>	<b>12.190.650</b>	<b>9.928.950</b>	<b>7.850.912</b>

# EFNAHAGSREIKNINGUR 2011 - 2015

## Eignir

	2015	2014	2013	2012	Nóv-Des 2011
<b><i>Veltufjármunir:</i></b>					
Sjóðir og bankainnistæður..... kr.	7.504.299	2.722.676	4.852.162	2.985.614	2.584.612
Viðskiptamenn..... kr.	945.385	986.548	951.528	1.351.912	2.062.434
Virðisaukaskattur..... kr.	8.630	117.865	0	4.892	28.665
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja	800.000	800.000	800.000	800.000	800.000
Vörubirgðir..... kr.	350.000	350.000	350.000	350.000	350.000
<b><i>Veltufjármunir alls</i></b> kr.	<b>9.608.314</b>	<b>4.977.089</b>	<b>6.953.690</b>	<b>5.492.418</b>	<b>5.825.711</b>

## ***Fastafjármunir:***

Innréttingar..... kr.	1.403.528	1.651.208	1.942.598	2.285.411	2.688.719
Golfvöllur..... kr.	90.000.000	90.000.000	90.000.000	90.000.000	90.000.000
Vélar og áhöld ..... kr.	13.612.447	12.811.596	9.382.465	8.110.222	9.541.437
Fasteign..... kr.	76.904.157	78.680.568	75.535.561	63.397.466	62.300.449
<b><i>Fastafjármunir alls</i></b> kr.	<b>181.920.132</b>	<b>183.143.372</b>	<b>176.860.624</b>	<b>163.793.099</b>	<b>164.530.605</b>

<b><i>EIGNIR SAMTALS</i></b> .....	<b>kr.</b>	<b>191.528.446</b>	<b>188.120.461</b>	<b>183.814.314</b>	<b>169.285.517</b>	<b>170.356.316</b>
------------------------------------	------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------

# EFNAHAGSREIKNINGUR 2011 - 2015

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	2015	2014	2013	2012	Nóv-Des 2011
<b><u>Skammtímaskuldir:</u></b>					
Skuldir við bankastofnanir	kr. 0	0	3.500.000	0	0
Ógreiddir áfallnir vextir.....	kr. 1.523.273	1.934.098	1.962.768	437.694	7.908
Ógreiddar viðskiptaskuldir.....	kr. 570.394	917.919	2.396.908	2.533.328	2.695.315
Virðisaukaskattur.....	kr. 0	0	16.954	0	0
Næsta árs afborganir langtímalána...	kr. 1.309.676	1.309.676	1.309.676	1.358.360	0
Ógreitt vegna starfsfólks.....	kr. 594.875	319.752	185.634	226.303	427.783
<b>Skammtímaskuldir alls</b>	<b>kr. 3.998.218</b>	<b>4.481.445</b>	<b>9.371.940</b>	<b>4.555.685</b>	<b>3.131.006</b>
<b><u>Langtímaskuldir:</u></b>					
Íslandsbanki Nr. 188559 - ÓVT.....	kr. 18.908.229	26.418.871	31.432.232	33.959.024	42.177.280
	kr. 18.908.229	26.418.871	31.432.232	33.959.024	42.177.280
Næsta árs afborganir langtímalána...	kr. 1.309.676	1.309.676	1.309.676	1.358.360	0
<b>Langtímaskuldir alls</b>	<b>kr. 17.598.553</b>	<b>25.109.195</b>	<b>30.122.556</b>	<b>32.600.664</b>	<b>42.177.280</b>
<b>Skuldir alls</b>	<b>kr. 21.596.771</b>	<b>29.590.640</b>	<b>39.494.496</b>	<b>37.156.349</b>	<b>45.308.286</b>
<b><u>Eigið fé</u></b>					
Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári.....	kr. 158.529.821	144.319.818	132.129.168	125.048.030	117.197.118
Hagnaður ( - tap ) ársins.....	kr. 11.401.854	14.210.003	12.190.650	7.081.138	7.850.912
<b>Annað eigið fé alls</b>	<b>kr. 169.931.675</b>	<b>158.529.821</b>	<b>144.319.818</b>	<b>132.129.168</b>	<b>125.048.030</b>
<b>Eigið fé alls</b>	<b>kr. 169.931.675</b>	<b>158.529.821</b>	<b>144.319.818</b>	<b>132.129.168</b>	<b>125.048.030</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS</b>	<b>kr. 191.528.446</b>	<b>188.120.461</b>	<b>183.814.314</b>	<b>169.285.517</b>	<b>170.356.316</b>

